


Veiddir þú eldislax ?

Ytri eldiseinkenni laxa geta verið misáberandi, en algengt er að sjá t.d. skemmdir á uggu/sporði, eydd tálknbörð og aðra lögun á trjónu fisksins. Eldislaxar eru einnig oft með kubbslegan vöxt.

Viltur lax



Viðbrögð


Ef grunur leikur á að veiðst hafi eldislax skal tilkynna það strax til Fiskistofu eða Hafrannsóknastofnunar.

Gefa skal upp veiðistað, dagsetningu, kyn, lengd og þyngd.

Æskilegt er að koma fiski til Fiskistofu eða Hafrannsóknastofnunar til greiningar, ferskum eða frosnum. Uppruni fiska er þá metinn út frá útliti og/eða erfðasamsetningu.

Ef ekki er unnt að verða við því má senda hreistursýni til greiningar. Skafa skal u.þ.b. 20 hreistur af svæðinu sem sýnt er á mynd að ofan og setja í hreisturpoka (eða í annað pappírsumslag). Nota skal hreinan hníf við hreisturtökuna. Senda skal ljósmynd af fiski í tölvupósti.

Eldislax



Trjóna stutt, aflöguð	Tálknbörð slitin	Eyruggar	Bakuggi	Sporður
		Eyr- og bakuggar slitnir, stuttir, brot í uggeislum, geislar samgrónir eða uggar alveg eyddir		slitinn, eyddur, þver



FISKISTOFA

Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði
S: 569-7900, fiskistofa@fiskistofa.is



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði
S: 575-2000, hafogvatn@hafogvatn.is